

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítækjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir).

Frá minni hluta velferðarnefndar (SII, FrH, KaJúl, LRM).

1. A-liður 1. gr. orðist svo: Í stað „480.000 kr.“ í 2. másl. b-liðar 2. mgr. og „300.000 kr.“ í 3. másl. sama stafliðar kemur: 1.315.200 kr.
2. Við bætist við nýr kafli, III. kafli, **Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, með síðari breytingum**, með tveimur nýjum greinum, svohljóðandi:
 - a. (5. gr.)

Í stað orðanna „allar skattskyldar tekjur“ í 3. mgr. 9. gr. laganna kemur: 70% allra skattskyldra tekna.
 - b. (6. gr.)

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 9. gr. skulu á tímabilinu 1. júlí 2013 til 31. desember 2013 teljast til tekna við útreikning sérstakrar framfærsluuppbótar 80% allra skattskyldra tekna, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi.